

**Nd.**

**304. Tillaga til þingsályktunar**

[144. mál]

um innflutning á áfengi og tóbaki.

Flm.: Magnús Kjartansson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að mæla svo fyrir við Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, að engum áfengis og tóbaksheildsölum verði heimilað að hafa íslenska ernidreka í þjónustu sinni. Geri einhverjir áfengis- og tóbakssalar það að skilyrði fyrir viðskiptum við ÁTVR að fá að hafa slíka erindreka hérlendis, verði viðskiptum við þá aðila hafnað.

#### Greinargerð.

Fyrir á þessu þingi beindi flutningsmaður skriflegri fyrirspurn til fjármálaráðherra um það, hvernig háttáð væri innflutningi ÁTVR á áfengi og tóbaki, m. a. að því er varðar umboðsmenn og greiðslur til þeirra. Svar fjármálaráðherra hafði að geyma lista yfir erindreka erlendra áfengis- og tóbaksheildsala og reyndist hann bæði langur og fjölbreytilegur. Hins vegar var í svarinu ekkert fjallað um umboðslaunin eða upphæð þeirra, en sú skýring gefin munnlega, að þeir þættir heyrðu ekki undir fjármálaráðuneytið, heldur viðskiptaráðuneytið. Þannig virðast vera sambúðarörðugleikar milli ráðherra þeirra sem fara með fjármál annars vegar og viðskipti hins vegar, og er ástæða fyrir Alþingi að gefa því gaum.

Flutningsmaður beindi þá fyrirspurn til viðskiptaráðherra um þau atriði sem fjármálaráðherra neitaði að svara, og var svarið svo hljóðandi:

„Svar við fyrirspurn Magnúsar Kjartanssonar til viðskiptaráðherra um innflutnin á áfengi og tóbaki (Sp. þskj. 131).

Þingmaður spyr (1) hversu há umboðslaun séu greidd íslenskum erindrekum erlendra áfengis- og tóbakssala, hvernig sé eftirliti háttáð af hálfu íslenskra stjórnvalda og (2) hvernig sé tryggt, að umboðsmenn fái ekki greiðslur í gjaldeyri eða fríðu í trássi við íslensk lög. Þá spyr þingmaðurinn um það (3) hverjar hafi verið umboðslaunatekjur þeirra 20 íslensku aðila hvers um sig, sem hæst umboðslaun fengu 1976 fyrir innflutt áfengi og tóbak, og hverjir þeir hafi verið.

Ráðuneytið leitaði eftir svari hjá Gjaldseyrseftirliti Seðlabanka Íslands við fyrirspurninni og er það svo hljóðandi:

Seðlabanki Íslands

Reykjavík, 13. desember 1977.

Viðskiptaráðuneytið  
Arnarhvoli

Í bréfi ráðuneytisins til Seðlabanka Íslands, gjaldseyrseftirlitsins, dags. 8. desember sl., er óskað svara við spurningum varðandi umboðslaun íslenskra erindreka erlendra áfengis- og tóbakssala.

Í þessu sambandi vill gjaldeyriseftirlitið taka fram eftirfarandi:

- 1) Gjaldyriseftirlitið flokkar ekki umboðslaunatekjur eftir eðli eða af hvers konar innflutningi þau eru til komin. Vér höfum tekið saman umboðslaunatekjur 17 helstu aðila, sem m. a. hafa umboð fyrir áfengi og tóbak, og reyndust þær vera um 200 millj. kr. á árinu 1976. Flestir umboðsmennirnir eru jafnframt með umboð fyrir aðrar vörur og fær gjaldeyriseftirlitið einu sinni á ári skýrslu þeirra um heildarumboðslaunatekjur. Í þessu sambandi hefur gjaldeyriseftirlitið bréflaga samband við á milli 1 og 2 þúsund aðila árlega.
- 2) Að mati gjaldeyriseftirlitsins er á engan hátt tryggt, að greiðslur, sem þessir umboðsmenn fá, skili sér í íslenska gjaldeyrisbanka. Ekki hefur verið komið auga á leiðir, sem geri það tryggt að þessar tekjur komi að fullu til skila.
- 3) Af sömu ástæðum og greint er frá í lið 1) liggja ekki fyrir upplýsingar varðandi þessa spurningu.
- 4) Á árinu 1963 var opnuð sú leið fyrir innflytjendur almennt, að þeim var heimilað að verja umboðslaunum til kaups á frilistavörum.

Heildarskil gjaldeyris í þessu formi á s. l. ári námu 301 millj. kr. Að auki námu skil umboðslauna í erlendum gjaldeyri til bankanna 2 216 millj. kr. á sama ári.

Gjaldyriseftirlitið vill benda á, að upplýsingar varðandi 1. og 3. spurningu er hugsanlega hægt að fá hjá Skattstofunni í Reykjavík, en á sl. vetri mun hún hafa gengist fyrir sérstakri athugun á umboðslaunatekjum vegna innflutnings á áfengi og tóbaki.

Virðingarfyllt,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gjaldyriseftirlitið

Bj. Tryggvason. S. Jóhannesson.

Vegna niðurlags bréfs gjaldeyriseftirlitsins, var fyrst spurð fyrir um það í fjármálaráðuneytinu, hvort hugsanlegt væri, að skattayfirvöld gætu veitt svar við fyrirspurn háttvirts þingmanns.

Svar fjármálaráðuneytis er svo hljóðandi:

Fjármálaráðuneytið

Reykjavík, 9. janúar 1978.

Viðskiptaráðuneytið  
Reykjavík

Vísað er til bréfs viðskiptaráðuneytisins, dags. 14. des. 1977.

Ekki hefur af hálfu skattyfirvalda verið unnin heildarskrá er flokki framteljendur í öllu landinu eftir því hvort þeir hafa tekjur af umboðsstarfsemi og því eigi hvernig skipa skuli þeim í röð eftir upphæð slíkra tekna. Skattstofan í Reykjavík hefur hins vegar borið saman innflutt magn áfengis og tóbaks og framtaldar umboðslaunatekjur þeirra framteljenda sem búsettir eru í Reykjavík og skráðir eru umboðsmenn.

F. h. r.

Höskuldur Jónsson.

Þessu til viðbótar tel ég rétt að benda á ákvæði 49. gr. laga um tekju- og eignarskatt, sem er svo hljóðandi:

„Skattstjórum, umboðsmönnum skattstjóra, ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, ríkisskattanevnd og nefnd samkvæmt 6. mgr. 48. gr. er bannað, að viðlagðri

ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að í sýslan sinni um tekjur og efna-  
hag gjaldþegna.

Hið sama gildir um þá, er veita aðilum samkvæmt 1. mgr. aðstoð við starf þeirra eða á annan hátt fjalla um framtalsskýrslur manna“.

Undanþágur frá þessum ákvæðum eru í 44. gr. að því er snertir upplýsingar til Hagstofu Íslands og gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands samkv. nýsettum lögum að því er varðar upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til eftirlits með gjaldeyrismálum. Þá hefur Þjóðhagsstofnun undanþágu líka.

Ég tel að frekari tilraunir af hálfu viðskiptaráðuneytisins til að afla upplýsinga um efni fyrirspurnarinnar séu ekki líklegar til að bera árangur.“

Í svari þessu er að finna nokkur mjög fróðleg atriði:

- 1) Gjaldyriseftirlit Seðlabanka Íslands lýsir yfir því skýlausa mati sínu, að það sé á engan hátt tryggt að umboðslaunin skili sér í íslenska gjaldeyrisbanka. Slíkur undandráttur á gjaldeyri er hins vegar lögbrot, og ætti það að vera rannsóknarefni fyrir Ólaf Jóhannesson dómsmálaráðherra að slík skipan skuli viðgangast á vegum Ólafs Jóhannessonar viðskiptaráðherra. Mætti ætlast til að ekki væru sambúðarörðugleikar milli tveggja ráðuneyta sem sami maður stjórnar.
- 2) Heildarskil umboðslauna námu í fyrra 2 517 milljónum króna frá milli 1 og 2 þúsund aðilum. Samkvæmt því, sem um er fjallað í 1) lið, má ætla að þar sé aðeins um hlutaskil að ræða. Umboðslaunakerfið felur þannig í sér mjög verulegar gjaldeyrisfúlgur. Umboðsaðilar erlendra fyrirtækja nema allt að tveimur þúsundum, og er vandséð hverju slíkt glundroðakerfi á að þjóna — öðrum en umboðsmönnum sem fá umboðstekjur sínar í erlendum gjaldeyri.
- 3) Gjaldyriseftirlit Seðlabanka Íslands greinir frá því að Skattstofan í Reykjavík hafi á síðasta ári gengist fyrir sérstakri athugun á umboðslaunatekjum vegna innflutnings á áfengi og tóbaki, og þetta er staðfest í bréfi frá fjármálaráðuneytinu. Síðan er sagt að aðeins margþætt skriffinnskukerfi megi fá vitneskju um þessa rannsókn, en ekki „óviðkomandi menn“ eins og þeir sem kjörnir eru til þess að eiga sæti á Alþingi Íslendinga. Væri fróðlegt að fá á því skýringar frá Ólafi Jóhannessyni, fyrrverandi lagaprófessor, hvornig hægt er að setja Alþingi Íslendinga skör lægra en embættismannakerfið.

Sú leynd, sem talin er eiga að hvíla á tekjum umboðsmanna erlendra fyrirtækja, brýtur í bága við almenna hefð í þjóðfélaginu. Um tekjur alþingismanna er að sjálf-sögðu fjallað opinskátt í fjölmiðlum. Öll samtök launafólks gera samninga sína fyrir opnum tjöldum og er fjallað um einstaka þætti launasamninga m. a. af ráð-  
herrum. Í skattskrá er að finna vitneskju um heildartekjur þær sem einstaklingar og félög telja fram til skatts. Hvers vegna eiga erindrekar erlendra gróðafyrirtækja að njóta sérstöðu?

Augljóst er að hér er þörf bæði rannsókna og nýs fyrirkomulags sem komi í veg fyrir gjaldeyrisþjófnað. Að undanfögnu hafa birst staðreyndir sem sanna að íslenskir aðilar eiga ólöglega fenginn gjaldeyri í bönkum á Norðurlöndum einum, svo að nemur milljörðum króna. Þennan gjaldeyrisþjófnað þarf að rannsaka í heild og til fullkominar hlítar og setja löggjöf sem komi í veg fyrir slíkt athæfi. Með þessari tillögu er gert ráð fyrir að komið verði í veg fyrir gjaldeyrisþjófnað í sambandi við innflutning á áfengi og tóbaki, enda á þar að vera hægast um vik þar sem um ríkis-einkasölu er að ræða.